

Á heimasíðu VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs má sjá frétt um að öllum launagreiðendum beri að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011. Vísað er til laga sem samþykkt voru á Alþingi í júní sl.(breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða).

[Sjá alla fréttina hér.](#)

Athugið að notendur þurfa að skrá þetta iðgjald í stofngögn starfsmanna í Launakerfinu. Þá er valið **Aðgerðir-Stofngögn-Starfsmenn**, viðkomandi starfsmenn sóttir og tvísmellt á þá. Þá er flippinn **Frádráttarliðir** valinn og **0,13** skráð í reitinn **Endurhæfingargjald** sem er staðsettur fyrir neðan mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð.